

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar
vegna frístundabyggðar í Dagverðardal.

Skipulagsstofnun staðfesti 24. október 2024 breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem samþykkt var í bæjarráði 19. ágúst 2024.

Í tillögunni felst breyting á íbúðarbyggð Í9 og litlum hluta opins svæðis til sérstakra nota í 8,2 ha frístundabyggð F21. Ráðgert er að á reitnum verði 45 frístundahús til sölu og útleigu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 24. október 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 8. nóvember 2024